



Fræðslunefnd Blönduós bæjar - 16. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 1. júlí 2016
og hófst kl. 16:00

Fundinn sátu:

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Bergþór Pálsson, aðalmaður
Linda Sóley Guðmundsdóttir, varamaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, varamaður

Fundargerð ritaði:

Erla Ísafold Sigurðardóttir

Dagskrá:

Starfsmannamál Blönduskóla 2016 - 2017 – 1605030

Undir þessum lið sátu eftirtaldir áheyrnarfulltrúar vegna Blönduskóla fundinn; Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri og Lilja Jóhanna Árnadóttir, áheyrnarfulltrúi kennara.

Þórdís Hauksdóttir segir starfi sínu lausu sem kennari við Blönduskóla, en hún var í ársleyfi síðastliðinn vetur. Hrefna Ósk Þórsdóttir verður verkefnisstjóri sérkennslu næsta vetur, en hún var að ljúka Mastersnámi í sérkennslu í vor.

1. Þrjár umsóknir bárust um stöðu aðstoðarskólastjóra. Umsóknir bárust frá Önnu Margreti Sigurðardóttur kennara, Magnúsi Sigurjónssyni leiðbeinanda og Þuríði Þorlákssdóttur kennara. Tillaga skólastjóra að aðstoðarskólastjóra er að Þuríður Þorlákssdóttir verði ráðin. Fræðslunefnd styður það og leggur til að við bæjarstjórn að ganga til samninga við Þuríði Þorlákssdóttur.

Skólastjórn og fræðslunefnd þakka Magdalenu Berglindi og Þórdísi fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

Í kjölfar auglýsingar um kennarstöður í vor bárust sex umsóknir. Þórhalla mælir með eftirfarandi aðilum í auglýst störf: Brynhildi Erlu Jakobsdóttur, kennara, Katrínu Hallgrímsdóttur, leiðbeinanda, Magdalenu Berglindi Björnsdóttur, kennara, Magnúsi Sigurjónssyni, leiðbeinanda, Páleyju Sonju Wium Ragnarsdóttur, leiðbeinanda.

Tillaga Þórhöllu er samþykkt.

Að þessum dagskrárlið loknum véku áheyrnarfulltrúar vegna Blönduskóla af fundi.



2. Skóladagatal Barnabæjar 2016 - 2017 – 1606023

Til fundarins komu eftirtaldir áheyrnarfulltrúar vegna Barnabæjar; Jóhanna Guðrún Jónasdóttir, leikskólastjóri og Sigríður Helga Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi kennara.

Dagatalið er með hefðbundnum hætti fyrir utan þrjá samfellda starfsdaga fyrir páska sem ætlaðir eru í fyrirhugaða námsferð starfsmanna erlendis, þetta er þó sett fram með fyrirvara um að hægt sé að fara á þessum tíma.

Tillaga Jóhönnu er samþykkt.

3. Starfsmannamál Barnabæjar – 1606024

Anna Margrét Arnardóttir hefur sagt upp aðstoðarskólastjórstöðu sinni frá og með 1. september næstkomandi en mun halda áfram störfum við Leikskólann Barnabæ. Staðan hefur verið auglýst til umsóknar innan leikskólans.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir

Anna Margrét Jónsdóttir

Bergþór Pálsson

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Lilja Jóhanna Árnadóttir

Erla Ísafold Sigurðardóttir

Jóhanna Guðrún Jónasdóttir

Sigríður Helga Sigurðardóttir

Linda Sóley Guðmundsdóttir